

4. fundur Skólaráðs – 28. febrúar 2023.

Mættir: Sigrún Jóna Eydal fulltrúi grenndarsamfélagsins, Björg Eva Friðriksdóttir, 10.SEG, fulltrúar nemenda, Sólveig Baldursdóttir, Hrafnhildur Helgadóttir, var veik, fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Ekki mættir: Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri veik. Hekla Mist Einarsdóttir 9. SS, mætti ekki. Linda Rún Skarphéðinsdóttir fulltrúi foreldra hittir skólastjóra á foreldrafélagsfundi um kvöldið.

Dagskrá:

1. Skóladagatal ársins 2023-2024 kynnt
2. Breyting á skóladagatali 2022-2023, skólaslit færð til um einn dag
3. Skólaþing – undirbúningur – efni og dagsetning
4. Önnur mál

1. Skóladagatal ársins 2023-2024 kynnt.

Skóladagatal næsta árs kynnt og rætt um einstaka daga. Allir skrifuðu undir að hafa fengið umræðu og kynningu á dagatalinu og virtist almenn sátt um það.

2. Starfsfólk Víðistaðaskóla er að fara í skipulagða fræðsluferð til Albír í byrjun júní 2023. Fyrirhuguð skólaslit 2. - 9. bekkjar er skráð á skóladagatali 2022-2023 miðvikudaginn 7. júní en beiðni er um að skólaráð samþykki að þau verði færð til um einn dag þ.e. til 6. júní. Kemur þetta til vegna tímasetninga á flugi. Allir sammála um að færa skólaslitin til um einn dag.

3. Skólaþing - undirbúningur verður rætt á fundi með stjórn foreldrafélagsins

Skólastjóri mun hitta stjórn foreldrafélagsins sama kvöld og þar verður rætt um hvaða fyrirlestur á að bjóða upp á á þinginu en það verður í samvinnu við foreldrafélagið. Dagsetning verður einnig ákveðin í sameiningu.

4. Önnur mál

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:00

Næsti fundur verður á skólaþinginu í mars. dagsetning kemur síðar

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir